



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um fjölda barna í leikskólanum Múlaborg***

Lagt er til að heimilt verði að reka leikskóla fyrir 128 börn í leikskólanum Múlaborg.

#### **Greinargerð:**

Veturinn 2022-2023 var ný starfsstöð tekin í notkun við Múlaborg. Þegar ákvörðun var tekin um stækkun á Múlaborg var reiknað með að hver deild í nýja húsnæðinu myndi rúma 20 börn og í heildina gætu verið 140 börn á Múlaborg.

Í upphafi var reiknað með að börn 4-6 ára yrðu í nýja húsnæðinu en þegar betur var að gáð hentaði húsnæðið og garðurinn, sem er mjög lítill, ekki eldri börnum. Að höfðu samráði við og með samþykki leikskólastjóra Múlaborgar var ákveðið að að 1-3 ára börn yrðu í húsnæðinu og því fækkar börnum þar en þar er miðað við 16 börn á deild í dag. Almenn viðmið í leikskólum Reykjavíkurborgar er 16 börn á ungbarnadeild, miðað við hefðbundna fermetrastærð leikskóladeilda. Fjöldi barna á deild er meiri ef deildir eru stærri.

Vegna þessa er hér lagt til að heimilt verði að reka leikskóla fyrir 128 börn í Múlaborg.

Foreldraráð Múlaborgar hefur veitt umsögn um þessa breytingu og gerir ekki athugasemdir.